



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 11. október 2021

R18010207

100

ep

Borgarráð

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021 - 2030

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. október 2021, var samþykkt lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021 - 2030. sbr. 1. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Fyrsta lýðræðisstefna Reykjavíkur til 2030 með aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum hefur verið unnin í þverpólitísku samstarfi fulltrúa allra flokka í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði frá hausti 2019. Þannig skipa sex fulltrúar stýrihópin í stað oddatölu sem venjan er enda hefur verið lögð mikil áhersla á gott samstarf og sátt. Byggir stefnan á niðurstöðum umfangsmikils og metnaðarfulls samráðsferils sem lögð var áhersla á að væri aðgengilegur öllum óháð fötlun, stöðu og tungumálakunnáttu þar sem boðið var upp á víðtækt samtal um lýðræði og þátttöku í Reykjavík. Ópið samráðsferli stóð yfir bæði við upphaf og lok vinnunnar, skipulagðir voru rýnihópar með slembivöldum íbúum borgarinnar, haldnir voru margir vinnufundir með starfsfólki í stjórnsýslunni sem og opinn fundur fyrir íbúa. Markmið stefnunnar eru fjögur og endurspeglar hringrás lýðræðislegra vinnubragða sem eru að hlusta, rýna, breyta og miðla. Undir þau heyra svo áherslur og verður þessu fylgt eftir með aðgerðaráætlun til þriggja ára og mælanlegum markmiðum. Sérstakt áhersluatriði meðal margra áhugaverðra aðgerða er að efla gagnsæi, upplýsingamiðlun og lýðræðslega þátttöku ungmenna.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021 - 2030.

Virðingarfyllt

Elisabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu ásamt fylgiskjólum.

Kostnaðaráætlun



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021 - 2030

Frá hausti 2019 hefur staðið yfir vinna við mótun fyrstu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og liggur hún núna fyrir ásamt aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum. Stýrihópurinn er skipaður sex fulltrúum allra flokka í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. Starfsmaður stýrihópsins er Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Markmið stefnunnar eru fjögur sem endurspeгла hringrás lýðræðislegra vinnubragða með það fyrir sjónum að auka þátttöku og áhrif íbúa. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar, stjórnkerfið og kjörna fulltrúa um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

Stefnan hefur verið unnin í opnu samráðsferli og í þeirri vinnu var lögð áhersla á að ná til allra hópa samfélagsins og sérstaklega gætt að öllu aðgengi. Liðir samráðsferils voru opin samráðs- og umsagnarferli við byrjun og endi vinnunnar, rýnihópar með slemбивöldum íbúum Reykjavíkur, vinnufundur í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, opinn íbúafundur (Stefnumót við lýðræðið) þar sem allt upplýsingaefni og skráningarform fyrir fundinn var í boði á þremur tungumálum auk þess sem boðið var upp á túlkajónustu.

Á vefnum <https://reykjavik.is/lydraedisstefna> er hægt að finna samantektir frá öllum liðum samráðsferlisins.

Stefnan hefur tekið breytingum í samræmi við þær fjölmörgu ábendingar, umsagnir og athugasemdir sem bárust í umsagnarferlinu. Drög að lýðræðisstefnu sem lágu fyrir við lok síðasta kjörtímabils hafa nýst sem mikilvægt gagn við vinnuna.

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021 – 2030 er niðurstaða stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, eftir víðtækt samráð við borgarbúa, stjórnarsýslu borgarinnar og kjörna fulltrúa.

Hjálögð eru drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til samþykktar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði.


Virðingarfyllst

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Daníel Örn Arnarsson
Skúli Þór Helgason


Örn Þórðarson
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Ásgerður Jóna Flosadóttir

Hjálagt:

Drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021 - 2030
Aðgerðaráætlun ásamt mælanlegum markmiðum
Erindisbréf stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar




**Lýðræðisstefna
Reykjavíkurborgar
2021-2030**



Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar miðar að því að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera enn frekar möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða. Forsenda fyrir farsælli ákvarðanatöku um borgarmálefni eru vandaðar upplýsingar, víðtæk þátttaka og samtal fulltrúa mismunandi sjónarmiða. Að samráði loknu verði teknar ákvarðanir sem byggja í senn á niðurstöðum samráðs og áherslum kjörinna fulltrúa sem starfa í umboði kjósenda sinna hverju sinni.

Lýðræðisstefna þessi gengur þvert á alla málaflokka borgarinnar og hefur skýra tengingu við **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** þar sem lögð er áhersla á jafnræði og jafnrétti og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda. Einnig er skýr tenging við **þjónustustefnu Reykjavíkurborgar** sem leggur áherslu á að þjónusta borgarinnar skuli veitt á forsendum íbúa þar sem virkt notendasamráð er lykilþáttur.

Tilgangur stefnunnar



Fyrir íbúa

Að styðja við **lýðræðislega þátttöku** íbúa og auka möguleika þeirra til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins.

Fyrir kjörna fulltrúa


Að styðja kjörna fulltrúa í því að **þekkja óskir borgarbúa** hverju sinni, byggja ákvarðanir sínar á bestu mögulegu upplýsingum, svara fyrir teknar ákvarðanir og upplýsa um grundvöll þeirra. Stefnan styður kjörna fulltrúa í því að velja með hvaða hætti og á hvaða tímapunkti þeir hafa samráð í stefnumarkandi málum.

Fyrir stjórnýslu



Að gera stjórnýslu Reykjavíkurborgar betur kleift að **undirbúa** og **framkvæma** samráð í samvinnu við kjörna fulltrúa og íbúa. Stefnan styður við vandaða stjórnýslu og stuðlar að góðu samstarfi íbúa, kjörinna fulltrúa og þjónustukerfis borgarinnar.

Virkt samspil ofangreindra þátta er lykill að farsælli útkomu í lýðræðislegri borg.




Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að styrkja lýðræði í Reykjavíkurborg, **stydja við og stunda** lýðræðisleg vinnubrögð og **greiða götu íbúa** til þess að geta haft áhrif á málefni borgarinnar.

Leiðarljós stefnunnar eru sjö og þau eru eftirfarandi:

- Að **virkja** alla borgarbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Að leggja grunn að **nýjungum** sem geta eft lýðræði í borginni til framtíðar.
- Að **auka traust** á stjórnsýslu borgarinnar með skýrum og gegnsæjum vinnubrögðum.
- Að **efla gæði** í ákvarðanatöku með því að fá fram og taka tillit til mismunandi sjónarhorna og hagsmuna.
- Að **mæta fólki** þar sem það er með því að tryggja aðgengi ólíkra hópa að lýðræðislegri þátttöku.
- Að ætíð sé metið við **stærri ákvarðanir** hvaða viðeigandi samráðsferli geti stutt við góða ákvarðanatöku.
- Að **öll stefnumótun** fari í gegnum viðeigandi samráðsferli á öllum stigum.

Meginmarkmið



Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar skiptist í fjögur meginmarkmið. Hvert og eitt þeirra á að stuðla að umbótum og jákvæðum breytingum svo að leiðarljós stefnunnar verði að veruleika. Meginmarkmiðin lýsa einnig hringrás lýðræðislegra vinnubragða hjá Reykjavíkurborg. Á grunni hvers meginmarkmiðs eru lagðar áherslur sem kynntar eru í næsta kafla.

Meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

Hlusta á ólíkar raddir eftir fjölbreyttum leiðum

Rýna í skoðanir með hliðsjón af samtali aðila með mismunandi sjónarmið.

Breyta þar sem við á með tilliti til rökstuddra sjónarmiða sem auka gæði ákvarðana.

Miðla aðgengilegum upplýsingum til borgarbúa á öllum stigum samráðs og þegar ákvörðun liggur fyrir.

Áherslur meginmarkmiða

Eftirfarandi áherslur lýsa nánar þeim sjónarmiðum sem koma fram í meginmarkmiðunum. Á grunni þeirra eru mótuð mælanleg markmið og aðgerðir.



Hlusta

1. **Starfrækja skilvirkar leiðir** fyrir borgarbúa til að hafa áhrif á ákvarðanir með nýstárlegum aðferðum á forsendum þeirra sjálfra.
2. **Tryggja aðgengi** til að stuðla að jafnrétti og inngildingunni svo að allir hópar samfélagsins hafi jöfn tækifæri til aðkomu að ákvarðanatöku.
3. **Auka vitund borgarbúa** um ólíkar leiðir sem í boði eru til að koma sjónarmiðum sínum áleiðis.
4. **Skýra mismunandi stig þátttöku**, upplýsa um feril ákvarðanatöku og skapa þannig raunhæfar væntingar.





Rýna

- 5. Fjalla um ólík sjónarmið** og efla færni fulltrúa borgarinnar til að nýta niðurstöður samráðs í ákvarðanatökuferlum þar sem það á við.
- 6. Iðka sáttamiðlun** og leitast við að komast að niðurstöðum sem stuðla að sem mestri sátt.
- 7. Nýta þekkingu fagfólks** við umbætur á ferlum, vinnslu mála og byggja ákvarðanatöku á gögnum og þekkingu.
- 8. Meta árangur** samráðsferla með reglubundnum hætti og draga af þeim lærdóm.





Breyta

- 9. Fylgja eftir málefnalegum ábendingum** sem gætu haft jákvæð áhrif á framgang verkefna á vegum borgarinnar.
- 10. Auka samstarf um úrbætur** í þjónustu við borgarbúa þvert á svið borgarinnar.
- 11. Efla stjórnýslu, kjörna fulltrúa og stjórn málaflokka** í því að byggja vinnu sína á lýðræðislegum vinnubrögðum.
- 12. Skapa lýðræðismenningu** þvert á starfsemi borgarinnar með vitund um gagnsemi lýðræðis og samráðs.






Miðla

13. **Auka gagnsæi og efla aðgengi að upplýsingum** innan borgarkerfisins og stuðla að auknu trausti á stjórnslu borgarinnar.
14. **Rekja ákvarðanatöku og upplýsa um stöðu mála** og veita innsýn í hvernig borgarkerfið virkar.
15. **Svara ábendingum** sem berast í samráðsferlum og upplýsa um röksemdir að baki niðurstöðu.
16. **Viðhafa markvissa upplýsingagjöf** og stuðla þannig að almennri sátt um ákvarðanir.



Yfirlit yfir áherslur stefnunnar

1. Stafrækja skilvirkar leiðir
2. Tryggja aðgengi
3. Auka vitund borgarbúa
4. Skýra mismunandi stig þátttöku
5. Fjalla um ólík sjónarmið
6. Løka sáttamiðlun
7. Nýta þekkingu fagfólks
8. Meta árangur



9. Fylgja eftir málefnalegum ábendingum
10. Auka samstarf um úrbætur
11. Efla stjórnsýslu og kjörna fulltrúa
12. Skapa lýðræðismenningu
13. Auka gagnsæi og efla aðgengi að upplýsingum
14. Rekja ákvarðanatöku og stöðu mála
15. Svара ábendingum
16. Viðhafa markvissa upplýsingagjöf

Grundvöllur og leiðir

Með lýðræðisstefnu þessari tekur Reykjavíkurborg fleiri skref og gengur lengra í þá átt að gefa íbúum tækifæri til þess að hafa áhrif á sitt nærsamfélag.

Reykjavíkurborg er stjórnað í samræmi við gildandi lög og reglur um rekstur sveitarfélaga. Samráð við íbúa og réttur þeirra til áhrifa á stjórn sveitarfélags er áskilinn í sveitarstjórnarlögum.

Þar kemur fram að sveitarfélög skuli almennt leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Ákvæði um samráð er að auki að finna í öðrum lögum og reglum er varða aðra málaflokka í íslensku samfélagi og má þar helst nefna:

- Í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla eru ákvæði um samráð við foreldra og nemendur og um samráð innan viðkomandi skólasamfélags í skólaráðum og skólanefndum sveitarfélaga.
- Í æskulýðslögum er að finna ákvæði um að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð sem hafi það hlutverk að vera sveitarstjórnunum til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Í lögum um málefni aldraðra er að finna ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli starfa öldungaráð.
- Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að samráð skuli haft við notendur félagsþjónustunnar og þannig verði þeir virkir þátttakendur í undirbúningi ákvarðana og stefnumörkunar.
- Í skipulagslögum eru gerðar ríkar kröfur um samráð við íbúa, notendur og hagsmunaaðila við gerð skipulagsáætlana.
- Í lögum um málefni fatlaðs fólks eru gerðar kröfur um víðtækt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks.

Reykjavíkurborg leggur metnað í að sinna lögbundnu samráði með sem allra bestum hætti og hefur fundið því farveg á hverju málavíði eins og við á hverju sinni í samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila.

Sú stefna sem hér er sett fram gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg uppfylli öll ákvæði laga og reglna um samráð og leitist við að formgera það fyrirkomulag enn frekar og setja í samhengi til þess að styðja við lýðræðisleg vinnubrögð innan marka laganna og umfram lögbundnar kröfur.

Helstu leiðir borgarbúa til þess að eiga í samskiptum við borgina

Reykjavíkurborg hefur þróað ýmsar leiðir til þess að eiga samtali og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í helstu málum. Hér að neðan er vísað til helstu leiða sem færar eru. Annars vegar eru almennar leiðir sem standa öllum borgarbúum opnar og hins vegar sértækari leiðir fyrir hagaðila málaflokka.

* Upplýsingar um skipun í ráð og nefndir miðast við fyrirkomulag árið 2021.

Almennar leiðir sem eru öllum opnar:

Ábendingavefur Reykjavíkurborgar er á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Þar geta íbúar sent ábendingu um hvað sem er, hvort sem það er eitthvað sem þarf að laga, eitthvað sem mætti betur fara í þjónustu borgarinnar eða annað sem íbúar vilja koma á framfæri. Ábendingavefurinn er alltaf opin.

Betri Reykjavík er samráðsvefur Reykjavíkurborgar. Vefurinn er notaður til þess að kalla eftir hugmyndum, umsögnum, afstöðu og áliti borgarbúa á hinum ýmsu verkefnum sem unnið er að hverju sinni, ekki síst varðandi stefnumótun.



Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Þar gefst íbúum kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum borgarinnar sem síðan er kosið um í rafrænni íbúakosningu. Hugmyndasöfnun með kosningu í kjölfarið fer fram annað hvert ár.

Hverfisskipulag Reykjavíkurborgar snýr að gerð deiliskipulags fyrir gróin hverfi í heild sinni með það að markmiði að gera þau vistvænni og sjálfbærari og þróa byggðina í takt við breyttar áherslur í samfélaginu. Áhersla er lögð á að færa mótun borgarumhverfisins nær íbúum með auknu gagnsæi og virku samráði.


Íbúaráð eru starfandi í öllum hverfum borgarinnar. Hlutverk þeirra er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa, styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins. Íbúaráð eru skipuð sex fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa, einn fulltrúi er skipaður af íbúasamtökum hverfisins, einn fulltrúi er skipaður af foreldrafélögum hverfisins og einn fulltrúi er valinn með slembivali úr hópi íbúa hverfisins. Íbúaráðin funda að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og eru fundirnir öllum opnir.

Samskipti við borgarfulltrúa er hægt að eiga með ýmsu móti. Netföng og tengiliðaupplýsingar er að finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Vefmiðlar Reykjavíkurborgar sinna mikilvægu samskiptahlutverki. Vefsíðan reykjavik.is gegnir lykilhlutverki en þar er hægt að fylgjast með ýmsum kynningum og útsendingum, meðal annars frá borgarstjórnarfundum. Á samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar er einnig að finna mikið af fréttum úr daglegu lífi borgarinnar. Borgarvefsjá, Skipulagssjá og Framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar eru einnig mjög gagnlegar upplýsingasíður um framkvæmdir og skipulag í hverfum borgarinnar.

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar hafa það hlutverk að sinna velferðarþjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, daggæsluráðgjöf, frístundaráðgjöf og forvarnarstarfi auk almennrar upplýsingagjafar um starfsemi Reykjavíkurborgar.

Þjónustuver Reykjavíkurborgar er opið alla virka daga frá kl. 8:30-16:00. Í þjónustuverinu eru veittar upplýsingar um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Þjónustan er veitt í gegnum síma 411-1111, netspjall á vefsíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, tölvupóst upplýsingar@reykjavik.is og í þjónustuveri, Borgartúni 12-14



Sértækar leiðir þar sem fram fer samráð við hagaðila málaflokka:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Verksvið hennar er að vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks. Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjú fulltrúa, Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjú fulltrúa, Landssamtökin Þroskahjálpi tilnefna tvo fulltrúa og NPA-miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa.*

Fjölmenningarráð. Verksvið þess er að vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru af erlendum uppruna og hafa annað móðurmál en íslensku. Fjölmenningarráð er skipað fimm fulltrúum. Borgarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa og kýs formann ráðsins. Samtök kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N., Móðurmál, samtök um tvítýngi og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar skipa einn fulltrúa hvert.*

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar. Bandalag íslenskra listamanna og Íþróttabandalag Reykjavíkur hafa áheyrnarfulltrúa á fundum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs sem hafa málfrelsi og tillögurétt.




Ofbeldisvarnarnefnd. Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og skal vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu. Nefndin skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verkvið þess. Ofbeldisvarnarnefnd er vettvangur samráðs borgarfulltrúa, sérfræðinga og framkvæmdaraðila á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Nefndin er skipuð sjö fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa, Stígamót tilnefna einn fulltrúa, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa.*

Skóla- og frístundaráð. Fulltrúar nemenda, foreldra, kennara, skólastarfsfólks, skólastjórnenda og stjórnendur frístundamiðstöðva eru áheyrnarfulltrúar á fundum skóla- og frístundaráðs með málfrelsi og tillögurétt.*

Skólaráð. Í lögum um grunnskóla segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð. Hlutverk skólaráða er að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skóla- og frístundastarf í viðkomandi skóla. Sæti í skólaráði eiga fulltrúar kennara og annars starfsfólks auk fulltrúa nemenda, foreldra og grenndarsamfélagsins.* Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs.


Ungmennaráð, Reykjavíkurráð ungmenna og nemendafélög grunnskólanna.

Í æskulýðslögum er fjallað um að sveitarfélög hafi starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Sex ungmennaráð eru að störfum í Reykjavíkurborg. Þau eru opin öllum áhugasömum ungmennum á aldrinum 13 til 16 ára sem vilja taka þátt í störfum þeirra. Ungmennaráðin hafa með sér samráðs- og samstarfsvettvang; Reykjavíkurráð ungmenna. Tveir til fjórir fulltrúar hvers ungmennaráðs eiga sæti í Reykjavíkurráði ungmenna. Reykjavíkurráðið tilnefnir áheyrnarfulltrúa sem sitja alla fundi skóla- og frístundaráðs. Ungmennaráð hafa það hlutverk að vera sveitarstjórnunum til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu og gefur unglingum tækifæri til að láta í sér heyra og vinna að málefnum ungs fólks. Reykjavíkurráð ungmenna fundar árlega með borgarstjórn Reykjavíkur. Nemendur grunnskóla velja fulltrúa í nemendafélög sem svo velja sér fulltrúa í skólaráð.*



Öldungaráð. Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra. Verksvið ráðsins er að vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Öldungaráðið er skipað níu fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa í ráðið, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa, Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi tilnefna einn fulltrúa, auk þess sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa.*


Auk þess eiga áheyrnarfulltrúar hagsmunahópa sæti í hinum ýmsu ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og í einhverjum tilfellum í fag- og starfshópum í stefnumótunarvinnu innan borgarinnar.






Ábyrgð og framfylgd stefnu

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð ber ábyrgð á lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vinnur að þeim markmiðum sem koma fram í stefnunni og gegnir leiðbeinandi hlutverki. Skrifstofan heldur utan um aðgerðaáætlun stefnunnar og fylgir henni eftir í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar. Á skrifstofunni starfar sérfræðingur í lýðræðismálum sem sinnir daglegum verkefnum er tengjast stefnunni, sinnir fræðslu henni tengdri og er kjörnum fulltrúum og stjórnsýslunni til ráðgjafar.



Aðgerðaáætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

2021-2024



Eftirfarandi aðgerðir hafa verið valdar til að styðja við framgang stefnunnar næstu þrjú ár og eru þær á ábyrgð mismunandi fagsviða eða skrifstofa borgarinnar en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um innleiðingu þeirra.

Lagt er til að aðgerðir verði endurskoðar reglulega og undir lok árs 2024 verði tilbúin til afgreiðslu ný heildstæð aðgerðaáætlun sem byggist á meginmarkmiðum og áherslum lýðræðisstefnunnar.



1

Lýðræðisáttaviti Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Mótaður verði lýðræðisáttaviti sem verði aðgengilegur og nýtist sem stuðningur við samráð og vegvísir fyrir íbúa. Lýðræðisáttavitinn verði mikilvægt verkfæri við fræðslu og upplýsingamiðlun til íbúa, stjórnsýslu og kjörinna fulltrúa. Um er að ræða verkfæri sem sýnir fram á valkosti fyrir samráðsleiðir og hvernig þær virka þannig að hægt verði að velja þær leiðir sem henta hverju málefni fyrir sig. Lýðræðisáttaviti verði innleiddur í verkferla borgarinnar ásamt lýðræðisgátlista þannig að ákvörðun um samráðsferla sé ætíð hluti af stefnumótun og stærri ákvörðunum.

Markmið: Að aukið gagnsæi ríki um leiðir til áhrifa fyrir íbúa auk stuðnings við starfsfólk og kjörna fulltrúa sem valdeflir og eykur öryggi í kringum samráð. Með þessu verði vinnubrögð um samráð enn markvissari og samræmdari og til þess fallin að auka samráðið og gæði þess almennt.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.



2

Úttekt á samráðsferlum

Aðgerð: Gerð verði úttekt á núverandi fyrirkomulagi samráðs við stefnumótun og ákvarðanatöku hjá Reykjavíkurborg.

Markmið: Að samráð við íbúa, hagaðila og samráðsnefndir verði ætíð hluti af stefnumótun og stærri ákvörðunum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.



3

Útgáfa á námsefni um samfélagsþátttöku

Aðgerð: Gefið verði út námsefni sem fjallar um mikilvægi þess að vera virkur í samfélagi og þau margvíslegu tækifæri sem bjóðast til þátttöku. Um væri að ræða námsefni fyrir unglingastig grunnskóla sem staðfæra mætti og þýða á önnur tungumál. Þýdd og aðlöguð útgáfa námsefnisins gæti verið gagnlegur inngangur fyrir þau sem eru að kynnst íslenskri samfélagsgerð en tala ekki íslensku.

Markmið: Að ná til og fræða hópa sem rannsóknir sýna að taka síður þátt í lýðræðislegum ferlum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skóla- og frístundasvið.



4

Útgáfa á fræðslumyndböndum um leiðir til lýðræðislegrar þátttöku

Aðgerð: Gefin verði út myndbönd þar sem leitast verði við að kynna lýðræði og leiðir til þátttöku á myndrænan og aðgengilegan hátt til að birta á samfélagsmiðlum og ýmsum vefsíðum. Einnig verði hægt að bæta við útgáfum á fleiri tungumálum eftir því sem þurfa þykir.

Markmið: Að ná til og fræða hópa sem rannsóknir sýna að taka síður þátt í lýðræðislegum ferlum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við samskiptateymi Reykjavíkurborgar.



5

Borgaraþing

Aðgerð: Haldin verði borgaraþing að jafnaði árlega þar sem borgarbúar fá tækifæri til að eiga samtál við borgarfulltrúa um mismunandi málaflokka.

Markmið: Að íbúar hafi beinni tengsl við borgarstjórn og fái tækifæri til að eiga samtál við kjörna fulltrúa um það sem skiptir þá máli.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjórnar og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við samskiptateymi.

Tengist mælanlegu markmiði 7



6

Lýðræðishátíð unga fólksins

Aðgerð: Efnt verði til samstarfs og þátttöku í lýðræðishátíð unga fólksins á hverju ári. Kennurum og nemendum verði boðið að taka þátt í lýðræðishátíð þar sem fram fer fræðsla um samfélagsþátttöku og víðtækt samtal um samfélagsmál og lýðræði.

Markmið: Að auka áhuga ungs fólks á samfélagsþátttöku og kynna fyrir því þau tækifæri sem bjóðast til þess í íslensku samfélagi.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skóla- og frístundasvið.



7

Íbúadómnefnd

Aðgerð: Þróuð verði aðferð til sáttamiðlunar. Um væri að ræða tilraunaverkefni um ráðgefandi íbúadómnefnd þar sem leitað yrði til háskólasamfélagsins um samstarf við útfærslu aðferðarinnar. Mótuð verði skýr umgjörð um aðferðina, hvenær íbúadómnefnd eigi við, hvenær ekki og hvað þurfi til. Tilbúin tillaga um aðferðina verði lögð fram til samþykktar. Árangur verði metinn að tilraunaverkefninu loknu.

Markmið: Að upplýsa og fræða um ólík sjónarmið og ná fram samtali þar sem takast á ólík sjónarmið um álitamál í samfélaginu með það að markmiði að ná farsælli niðurstöðu í ágreiningsmál.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar.



8

Borgarkannanir

Aðgerð: Þróuð verði borgarkönnun til að auka aðkomu íbúa að stefnumótun í veigamiklum málum sem varða almannahag. Aðferðin yrði notuð til að kalla eftir afstöðu borgarbúa til ýmissa mála, annaðhvort eftir hópum, sem heild eða innan hverfa borgarinnar. Leitað yrði til háskólasamfélagsins um samstarf um verkefnið og mótuð gagnsæ umgjörð. Um er að ræða þróunarverkefni og sérstaklega yrði horft til þess að nota stafrænar leiðir.

Markmið: Að bæta gæði ákvarðanatöku og auka sátt um hana. Fá fram vísbendingar um vilja borgarbúa, eftir svæðum og hópum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.



9

Þátttaka í Hverfið mitt

Aðgerð: Unnið verði með skólum, frístundamiðstöðvum, ungmennaráðum, notendaráðum, þjónustumiðstöðvum og félagsmiðstöðvum eldri borgara að aukinni þátttöku í Hverfið mitt.

Markmið: Að auka þátttöku í Hverfið mitt.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við þjónustumiðstöðvar, grunnskóla Reykjavíkur og frístundamiðstöðvar.

Tengist mælanlegum markmiðum 2 og 3



10

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Unnið verði að því að kynna íbúaráðin og starfsemi þeirra enn frekar fyrir borgarbúum. Upplýsingar um hverjir sitja í hverju ráði, hver fundartími þess er og fundarstaður verði gerðar aðgengilegri á vef borgarinnar. Auk þess verði tengiliðaupplýsingar, dagskrár funda, fundargögn, fundargerðir og upptökur fundanna að finna á sama stað með skýrum fyrirmælum um hvernig sé hægt að koma málum á dagskrá. Mælt verði í þjónustukönnun borgarinnar hvort vitneskja borgarbúa um tilvist íbúaráða aukist milli ára og hvernig þátttaka þeirra í íbúaráðum og ánægja með þau þróast.

Markmið: Að efla íbúaráðin sem samráðsvettvang um borgarmálefni í hverfum Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og samskiptasvið.

Tengist mælanlegum markmiðum 8-10



11

Ábendingavefur Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Unnið verði að því að kynna ábendingavefinn fyrir borgarbúum sem öflugan farveg til þess að koma á framfæri ábendingum um það sem betur megi fara í þjónustu borgarinnar. Einnig verði unnið að því að bæta skilvirkni vefsins og auka ánægju notenda.

Markmið: Að ábendingavefurinn verði árangursrík leið fyrir borgarbúa til þess að koma ábendingum á framfæri við Reykjavíkurborg.

Ábyrgð: Þjónustuver Reykjavíkurborgar.

Tengist mælanlegum markmiðum 19 -22



12

Opin fjármál Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Unnið verði að frekari þróun á opnu bókhaldi, birtingu fjárhagslegra upplýsinga og lykiltalna úr rekstri. Með þeim hætti verði hægt að uppfylla óskir íbúa og fyrirtækja um gott aðgengi að upplýsingum um rekstur og fjárhag Reykjavíkurborgar. Áfram verði lögð áhersla á myndræna framsetningu gagna og unnið að því að gera hana enn skýrari. Jafnframt verði lögð áhersla á auðlesid tungumál í framsetningu á fjármálum Reykjavíkurborgar. Leitað verði leiða til þess að uppfæra upplýsingar nær rauntíma og gengið verði lengra í því en nú er að veita upplýsingar um einstaka útgjaldaliði.

Markmið: Að aukið gagnsæi ríki í fjármálum og þekking á skiptingu og nýtingu fjármuna.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.



13

Þróun mælaborðs borgarbúa

Aðgerð: Unnið verði að frekari þróun í birtingu nytsamlegra upplýsinga um starfsemi borgarinnar og þær gerðar aðgengilegar í mælaborði borgarbúa. Áhersla verði lögð á sjálfvirkni og rauntíma-upplýsingar sem nýtast íbúum og fyrirtækjum borgarinnar og leitað eftir áhuga þeirra í þeim efnum. Þá verði lögð áhersla á þróun og birtingu lykiltalna og mælikvarða sem tengjast starfseminni, m.a. með hliðsjón af innleiðingu borgarinnar á samræmdum ISO-stöðlum fyrir sjálfbærar borgir í samvinnu við WCCD. Auk þess verði unnið að aðgengilegri framsetningu.

Markmið: Að auka upplýsingagjöf um starfsemi borgarinnar.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt samskiptateymi.



14

Lýðræði á vinnustöðum borgarinnar

Aðgerð: Unnið verði að aukinni lýðræðislegri þátttöku starfsmanna í ákvarðanatöku um mótun vinnuumhverfis og starfsaðferða á starfsstöðum borgarinnar. Kannað verði með spurningu í könnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar hvort því finnist það hafa áhrif á sitt nánasta vinnuumhverfi. Einnig verði skoðað hversu stór hluti starfsstaða borgarinnar hefur sett sér mælanleg markmið og uppfærir reglulega aðgerðaáætlun í samtali stjórnenda og starfsfólks út frá leiðarljósum mannauðsstefnunnar í samræmi við niðurstöður kannanna.

Markmið: Að auka lýðræði í vinnuumhverfi starfsstaða borgarinnar.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Tengist mælanlegum markmiðum 17 og 18



15

Aðgengilegra samráð í skipulagsmálum

Aðgerð: Tekin verði í notkun hönnunartól á netinu til þess að bjóða upp á myndrænar lausnir við samráð í skipulagsmálum.

Markmið: Að aukið og aðgengilegra samráð verði haft í skipulagsmálum Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.



16

Bætt upplýsingagjöf vegna framkvæmda og skipulagsbreytinga

Aðgerð: Ferlar verði uppfærðir og rafrænar tilkynningar innleiddar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og skipulagsbreytinga í nærumhverfi.

Markmið: Að bæta yfirsýn íbúa, auka tækifæri þeirra til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og auka sátt um framkvæmdir og skipulagsbreytingar.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við samskiptateymi.



17

**Samræma og einfalda
vefviðmót íbúa þegar
kemur að þátttöku og
samráði**

Aðgerð: Hannað verði einfalt og aðgengilegt vefviðmót vegna samráðs og þátttöku íbúa. Borgin noti eina samráðsgátt og samræmt ferli fyrir allt samráð um stefnumótun og stærri ákvarðanir. Þjónustuferlar að baki gáttunum verði endurskoðaðir, viðmótið einfaldað og skilvirkni og samhæfing aukin.

Markmið: Að einfalda ásýnd og viðmót lýðræðisgátta til að auðvelda íbúum þátttöku með einfaldri leið inn í kerfið, notendamiðaðri þjónustu og aukinni skilvirkni.

Ábyrgð: Starfshópur skipaður fulltrúum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, þjónustu- og nýsköpunarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.



18

Gagnsjá Reykjavíkur

Aðgerð: Þróuð verði og innleidd Gagnsjá sem muni auka gagnsæi í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Með Gagnsjá stígi borgin skref í átt að enn ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar. Þar verði meðal annars hægt að sjá á einfaldan hátt stöðu mála og yfirlit yfir þau ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Gögn verði jafnframt véllæsileg þannig að auðvelt sé að finna efni þeirra í leitarvélum.

Markmið: Að auka gagnsæi með því að bæta aðgengi íbúa að upplýsingum úr stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Íbúar, kjörnir fulltrúar og starfsfólk geti með einföldum hætti nálgast yfirlit yfir mál sem eru í vinnslu og séð feril þeirra í stjórnkerfinu. Gagnsjá mun veita betri yfirsýn og auðvelda rekjanleika mála.

Ábyrgð: Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við samskiptateymi.



19

Lýðræði í skóla- og frístundastarfi

Aðgerð: Sett verði saman áætlun um verkefni sem auka lýðræðislega virkni, efla lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Áhersla verði lögð á að nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum, að virk nemendafélög séu í öllum grunnskólum og nemendaping haldin reglulega. Einnig verði stefnt að því að fjölga barnaráðum í frístundaheimilum og auka enn frekar samstarf unglingaráða og nemendafélaga. Samhliða verði unnið að því að auka þekkingu barna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur verði stefnt að því á skóla- og frístundasviði að fjölga Réttindaskólum og Réttindafrístund í samræmi við hugmyndafræði UNICEF.

Markmið: Að auka lýðræðislega virkni og lýðræðisvitund nemenda í skóla- og frístundastarfi og að þau fái til þess viðeigandi stuðning og fræðslu.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

Tengist mælanlegum markmiðum 11-16



20

Skólahópar í Ráðhúsið

Aðgerð: Skoðaðar verði leiðir til að taka á móti nemendahópum í ráðhúsi Reykjavíkur með svipuðum hætti og gert er á Alþingi. Nemendur gætu þannig heimsótt Ráðhúsið með kennurum sínum, setið nefndarfundi, talað fyrir tillögum og kosið um þær.

Markmið: Að auka þekkingu barna á lýðræði og stjórnsýslu og gefa þeim tækifæri til þess að kynnast því betur hvernig Reykjavíkurborg er stjórnað.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjórnar í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.



21


Ungmennaráð í Reykjavík

Aðgerð: Kannað verði meðal ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur hvaða skoðun þau hafi á fyrirkomulagi ungmennaráða Reykjavíkur. Leitað verði til hins almenna nemanda, til fulltrúa í stjórnnum nemendafélaga (nemendaráða) grunnskólanna, fulltrúa í ungmennaráðum borgarinnar og fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna. Í framhaldinu verði settar fram tillögur til breytinga og úrbóta ef ástæða þykir til.

Markmið: Að efla samráð við ungmenni í borginni og þróa áfram lýðræðislegt starf Reykjavíkurráðs ungmenna og ungmennaráðanna í takt við þarfir og óskir ungmenna í borginni til að stuðla að því að sjónarmið þeirra liggi fyrir við ákvarðanatöku í borginni.



Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.





Mælanleg markmið lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

2021-2024



Eftirfarandi markmið gera okkur kleift að fylgjast með árangri og framgangi stefnu og aðgerða.

Markmiðin miða að framgangi stefnunnar næstu þrjú ár og eru þau á ábyrgð mismunandi fagsviða og skrifstofa borgarinnar en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um innleiðingu þeirra.



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
1. Kosningapátttaka í Hverfið mitt	MAR*	12,55% (2019)	14,5%	Innskráning í Hverfið mitt
2. Kosningapátttaka 15-25 ára í Hverfið mitt	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Innskráning í Hverfið mitt
3. Kosningapátttaka 61 árs og eldri í Hverfið mitt	MAR*	6,8	8,5%	Innskráning í Hverfið mitt
4. Ánægja hugmyndahöfunda með samstarf, eftirfylgni og upplýsingagjöf í tengslum við Hverfið mitt	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Viðhorfskönnun til hugmyndahöfunda
5. Fjöldi íbúa sem hafa einhverja reynslu af íbúasamráði sl. 3 ár	MAR*	46,5% (2017)	55%	Þjónustukönnun Reykjavíkurborgar



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
6. Fjöldi fólks sem farið hefur á íbúafund	MAR*	13,9% (2017)	17%	Þjónustukönnun RVK
7. Ánægja þátttakenda með íbúaping	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun í lok hvers fundar
8. Vitneskja borgarbúa um tilvist íbúaráða	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun
9. Þátttaka íbúa í starfsemi íbúaráðsins í sínu hverfi (mætt / fylgst með streymi / innsend mál)	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun
10. Ánægja íbúa sem hafa tekið þátt, með íbúaráð	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
11. Nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum	SFS*	95%	100%	Spurningavagn stjórnenda SFS*
12. Nemendafélög séu virk í öllum grunnskólum	SFS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Spurningavagn stjórnenda SFS*
13. Nemendaping eru haldin reglulega	SFS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Spurningavagn stjórnenda SFS*
14. Fjölga barnaráðum í frístundaheimilum	SFS*	36%	75%	Spurningavagn stjórnenda SFS*
15. Auka þekkingu barna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	SFS*	52%	75%	Rannsóknir og greining



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
16. Fjölga Réttindaskólum og Réttindafrístund UNICEF (161 starfsstöð)	SFS*	27 ferli lokið eða ferli hafið	36 ferli lokið	Samantekt SFS*
17. Hlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar sem upplifir að það geti haft áhrif á starfsumhverfi sitt	MOS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun meðal starfsfólks
18. Hlutfall starfsstaða sem sett hafa mælanleg markmið og aðgerðaráætlun	MOS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun meðal starfsfólks
19. Ábendingavefur - Svarhlutfall innan 48 klst	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Samantekin gögn mánaðarlega úr ábendingavef



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
20. Ánægja íbúa með ferlið við úrlausnir erinda í ábendingavefinn	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Eftirfylgnikönnun við notendur
21. Ánægja íbúa með niðurstöðu við úrlausnir erinda í ábendingavef	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Eftirfylgnikönnun við notendur
22. Hlutfall borgarbúa sem þekkir ábendingavefinn	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun Reykjavíkurborgar

*ÞON – Þjónustu- og nýsköpunarsvið

*MAR – Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

*SFS – Skóla- og frístundasvið

*MOS – Mannauðs- og starfsumhverfissvið



ERINDISBRÉF**Stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar****Ábyrgðarmaður:**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta nýja stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarbúa og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Að gera tillögu að heildstæðri stefnu í lýðræðismálum með áherslu á samráð við borgarbúa. Markmið lýðræðisstefnu er fyrst og fremst að leggja grunninn að skýrri og gagnsærrri umgjörð íbúalýðræðis innan Reykjavíkurborgar.
- Að móta vegvísi við íbúalýðræði.
- Að horfa til þeirrar upplýsinga sem þegar hefur verið aflað og vinna áfram úr drögum að lýðræðisstefnu dags. 23. apríl 2018.
- Að hafa víðtækt samráð við hagsmunahópa.

Stýrihópurinn skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, ábyrgðarmaður
Ásgerður Jóna Flosadóttir
Daníel Örn Arnarson
Diljá Ámundadóttir Zoega
Skúli Helgason
Örn Þórðarson

Starfsmaður:

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 1. maí 2021.

Aðgerð	Heiti	Ábyrgð	Er aðgerð innan heimilda?	Ekki innan heimilda- pr. ár til næstu fimm ára	Upphæð	Kostnaður felst í?	2022-2026
	Stefnan sjálf		Nei, kostnaður leggst á MAR	2022	850	uppsetning/prentun/þýðing	850
1	Lýðræðisáttaviti	MAR	Nei Kostnaður leggst á MAR	2022	300 400 300	a)prófarkalestur b) þýðing c) prentun/uppsetning á vef d) vinna starfsmanns	1000
2	Útgáfa á námsefni á íslensku og ensku	MAR í samvinnu við SFS	Nei Kostnaður leggst á MAR	2022	300 400 800	a)fræðilegur yfirllestur/prófarkalestur b) þýðing c) prentun/uppsetning á vef	1500
3	Útgáfa á fræðslumyndbandi á ísl og ens	MAR í samvinnu við upplýsingateymi	Nei Kostnaður leggst á MAR	2022	500 500 250	a) ráðgjöf og framleiðsla á efni b) birtingar á samfélagsmiðlum c) þýðing og textun	1250
4	Borgaraþing	Skrifstofa borgarstjórnar ásamt MAR	Nei Óvíst hvar kostnaður bókast	2022 til 2026	1000 350 800	a) ráðgjafafyrirtæki, fundarstjórn, undirbúningur, skýrsla og ánægjukönnun b) salur og veitingar c) auglýsingar d) vinna starfsmanna	10750
5	Lýðræðishátíð unga fólksins (þátttaka í fundi fólksins)	MAR í samvinnu við SFS	Já innan ramma MAR	2022 til 2026	0	á fjárhagsáætlun 2020-2023 b) bás/leiga Rborg c) vinna starfsmanna	
6	Íbúakviðdómur	MAR í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar	Nei Kostnaður leggst á		1000 500	ráðgjöf H.Í./Sátt hf./tilraunaverkefni Framkvæmd íbúakviðdóms	1500
7	Borgarkannanir	MAR í samvinnu við ÞON	Já innan ramma ÞON		0	innan ramma ÞON - hugbúnaðarþróun	
8	Þátttaka í Hverfið mitt	MAR í samvinnu við þjónustumiðstöðvar og grunnskóla	Nei. Kostnaður leggst á MAR	2022	500	Kynningarátak	500

9	Opin fjármál Reykjavíkurborgar	FÁST	Já innan ramma FAS/ÞON		0	innan ramma FAS/ÞON	
10	Þróun á mælaborði borgarbúa	FÁST í samvinnu við ÞON	Já innan ramma FAS/ÞON		0	innan ramma FAS/ÞON	
11	Lýðræði á vinnustöðum borgarinnar	MOS	Já innan ramma MOS		0	innan ramma MOS	
12	Aðgengilegra samráð í skipulagsmálum	USK	Já innan ramma USK		0	innan ramma USK	
13	Bætt upplýsingagjöf vegna framkv. og skipulagsbreytinga	USK	Já innan ramma USK. Breyting á ferlum		0	Breyting ferla USK	
14	Samræma og einfalda viðmót íbúa	Starfshópur MAR, ÞON og USK	Já innan ramma ÞON		0	innan ramma ÞON	
15	Gagnsjá	ÞON	Já innan ramma ÞON		0	innan ramma ÞON	
16	Lýðræði í skóla- og frístundastarfi	SFS	Nei. Kostnaður leggst á SFS	2022-2026	2100	Greiðsla vegna innleiðingar 3. skóla á ári sem réttindaskólar UNICEF	10400
	Verkefnisstjóri innleiðingar	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Nei. Kostnaður leggst á MAR	2022	12000	Innleiðing lýðræðisstefnu	12000
	Alls				22850	Samtals 2022-2026	39750



Umsögn

Til: Mannréttinda- og lýðræðisráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsögn um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030

Vísað er til skýrslu stýrihóps mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem kom út á haustdögum 2021 um mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. Einnig er vísað til meðfylgjandi kostnaðarmats þar sem tilgreindir eru kostnaðarliðir við útfærslu lýðræðisstefunnar eins og hún liggur fyrir í drögum. Lýðræðisstefnunni er ætlað að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar, kjörna fulltrúa og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar þar sem virkt samspil þeirra þátta sem stefnan tilgreinir er lykill að farsælli útkomu í lýðræðislegri borg.

Umsögn FAS

Frá hausti 2019 hefur staðið yfir vinna við lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og hefur hún litið dagsins ljós nú á haustmánuðum, ásamt aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum stefnunnar. Leiðarljós stefnunnar eru sjö sem miða m.a. að því að Reykjavíkurborg skuldbindi sig til þess að styrkja lýðræði í Reykjavíkurborg með ýmsum aðgerðum og leiðum til þess að eiga virkt samtal við borgarbúa og hagsmunaaðila. Ýmsar leiðir verða nýttar í þessu samhengi, bæði almennar og sértækar, m.a. þjónustuver Reykjavíkurborgar og fleiri þjónustuleiðir sem nánar eru útlistaðar í stefnunni.

Áætlaður kostnaður við innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni með aðgerðaráætlun fyrir árið 2022 nemur 22,85 m.kr. umfram gildandi fjárheimildir. Þar af eru einskiptis aðgerðir að fjárhæð 18,6 m.kr. á árinu 2022, þar sem m.a. er gert ráð fyrir verkefnastjóra innleiðingar að störfum í 1 ár við innleiðingu stefnunnar. Á tímabilinu 2023 til 2026 er gert ráð fyrir árlegum viðbótarútgjöldum sem nemur 4,25 m.kr. vegna borgarþings og innleiðingar í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Heildarkostnaður við innleiðingu stefnunnar vegna áraanna 2022-2026 nemur 39,8 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmat stefnunnar.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs